



Skýrsla spretthóps um nýja nálgun í leikskólamálum í Skagafirði

Júlí 2024

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Vinna spretthópsins	4
1. fundur - 19. mars 2024.....	4
2. fundur - 11. apríl 2024.....	4
3. fundur - 18. apríl 2024.....	4
4. fundur - 2. maí 2024.....	4
5. fundur - 30. maí 2024.....	5
6. fundur - 1. júlí 2024.....	5
Fundir með starfsfólki og foreldrum.....	5
3 Mögulegar aðgerðir til breytinga	6
Skráningardagar.....	6
Gjaldskrá.....	9
Sumarfrí í leikskólum.....	13
Starfsaðstæður.....	14
Aðgerðarpakkar 1 & 2 - helstu aðgerðir.....	15
4 Niðurstöður og samantekt	17
Viðauki I - Kannanir og fundir með foreldrum og starfsfólki	18
Tröllaborg.....	19
Birkilundur.....	24
Ársalir.....	29
Viðauki II - Kannanir	34
Könnun til starfsfólks.....	34
Könnun til foreldra.....	40

1 Inngangur

Á fundi fræðslunefndar 14. febrúar 2024 lagði nefndin til að byggðarráð Skagafjarðar myndi skipa spretthóp sem ætlað væri að skoða hvað önnur sveitarfélög hafa gert í tengslum við breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla með dvalartíma, vellíðan og velferð barna og starfsfólks í huga. Málið var tekið fyrir á 85. fundi byggðarráðs þar sem kallað var eftir tilnefningum úr hópi foreldra, starfsfólks og stjórnenda í hverjum leikskóla. Á 86. fundi byggðarráðs þann 28. febrúar 2024 var spretthópurinn formlega skipaður og sátu í honum:

- Kristófer Már Maronsson, formaður fræðslunefndar
- Hrund Pétursdóttir, varaformaður fræðslunefndar
- Steinunn Rósa Guðmundsdóttir, aðalmaður í fræðslunefnd
- Agnar H. Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd
- Sólveig Arna Ingólfssdóttir, fulltrúi stjórnenda Ársala
- Steinunn Arnljótsdóttir, fulltrúi stjórnenda Birkilundar
- Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir, fulltrúi stjórnenda Tröllaborgar
- Inga Jóna Sveinsdóttir, fulltrúi foreldra Ársala og til vara Ragnhildur Friðriksdóttir
- Sarah Holzem, fulltrúi foreldra Birkilundar og til vara Ingvi Bessason
- Sara Katrín Sandholt, fulltrúi foreldra Tröllaborgar
- Ásbjörg Valgarðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Ársala
- Linda Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna Birkilundar¹
- Ásrún Leósdóttir, fulltrúi starfsmanna Tröllaborgar

Með hópnum störfuðu Bryndís Lilja Hallsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Ragnar Helgason, sérfræðingur á fjölskyldusviði, ásamt Rakel Kemp sem kom inn í vinnuna þegar hún tók við starfi leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar þann 1. maí. Spretthópurinn hefur haldið sex fundi auk þess að halda sex kynningar- og umræðufundi með foreldrum og starfsfólki. Spretthópurinn fékk kynningu frá fulltrúum Kópavogs, Garðabæjar og Akureyrar auk þess sem formaður Félags leikskólakennara og félags stjórnenda leikskóla áttu samtalið við spretthópinn um mögulegar aðgerðir og er öllum hlutaðeigandi þakkað kærlega fyrir sín innlegg.

¹ Linda Björnsdóttir kom í stað Evu Daggar Sigurðardóttur stuttu eftir skipun spretthópsins.

2 Vinna spretthópsins

Fyrsti fundur spretthópsins var haldinn í Húsi frítímans þann 19. mars 2024 og á TEAMS. Á fundinum fór Kristófer Már yfir verkefni hópsins, sem er að skoða kosti og galla mismunandi aðgerða í leikskólamálum. Markmiðið var að ljúka störfum og skila skýrslu um mánaðarmótin maí/júní. Rætt var um að heimsækja alla leikskóla í Skagafirði til að fá betri innsýn í aðstæður og þarfir. Einnig var rætt um að senda könnun til foreldra og starfsmanna til að fá þeirra sjónarmið og viðhorf til breytinga. Þá var einnig stefnt að fundum með foreldrum og starfsfólki auk þess að fá kynningu frá öðrum sveitarfélögum sem hafa gert breytingar undanfarið með áherslu á að fá bæði jákvæð og neikvæð sjónarmið.

Annar fundur spretthópsins var haldinn 11. apríl 2024 í Húsi frítímans og á TEAMS. Á þessum fundi komu Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og Margrét Bjarnadóttir formaður leikskólanefndar Garðabæjar saman í gegnum fjarfund og kynntu breytingar sem voru gerðar í þeirra sveitarfélagi í nóvember síðastliðnum. Helstu breytingar í Garðabæ voru breyttur opnunartími, sveigjanlegur vistunartími og sérstakir skráningardagar. Einnig var rætt um að bæta starfsumhverfi með auknum sveigjanleika og forgangi fyrir starfsfólk. Andri Steinn Hilmarsson bæjarfulltrúi og Gerður Magnúsdóttir leikskólastjóri í Kópavogi kynntu síðan breytingar í Kópavogi þar sem helsta breytingin var gjaldfrjáls leikskóli í 6 tíma á dag, sem síðar var breytt í 30 gjaldfrjálsa tíma á viku. Áhrifa er farið að gæta og hefur mannekla minnkað og starfsánægja aukist.

Þriðji fundur spretthópsins var haldinn 18. apríl 2024 í Húsi frítímans og á TEAMS. Á fundinum kynntu Erna Rós Ingvarsdóttir, verkefnastjóri leikskóla hjá Akureyrarbæ, og Inda Björk Gunnarsdóttir, skólastjóri Kiðagils, þá leið sem Akureyrarbær ákvað að fara og tók gildi 1. janúar 2024. Markmið breytinganna á Akureyri var að tryggja öllum börnum sex tíma gjaldfrjálsa á dag og bæta starfsaðstæður. Einnig var rætt um mikilvægi þess að stytta dvalartíma barna til að minnka álag og bæta gæði starfsins. Haraldur, formaður FL, og Sigurður Sigurjónsson, formaður FSL, ræddu áskoranir og lausnir í leikskólastarfi í Skagafirði við spretthópinn. Einnig var rætt um að mikilvægt væri að huga að hljóðvist og vinnuaðstöðu til að draga úr áreiti.

Fjórði fundur spretthópsins var haldinn 2. maí 2024 í Húsi frítímans og á TEAMS. Fyrir fundinn gátu meðlimir hópsins sent inn tillögur að mögulegum aðgerðum sem yrðu ræddar á fundinum. Ræddir voru kostir og gallar tillagnanna og ákveðið að nýta könnun til foreldra og starfsfólks til að kanna hug þeirra til mismunandi aðgerða og útfærslna.

Fimmti fundur spretthópsins var haldinn 30. maí 2024 í Húsi frítímans og á TEAMS. Á þessum fundi var farið yfir niðurstöður könnunar sem hafði verið send út til starfsfólks og foreldra auk þess sem rætt var um fundi sem höfðu átt sér stað með starfsfólki, einn fyrir hvern leikskóla, þar sem niðurstöður voru kynntar og ræddar. Einnig var rætt um fyrirhugaða fundi með foreldrum. Almennar umræður voru um hvernig best væri að útfæra þessar aðgerðir til að bæta leikskólastarfið í Skagafirði.

Sjötti fundur spretthópsins var haldinn 1. júlí 2024 í Húsi frítímans og á TEAMS. Á þessum fundi var farið yfir drög að skýrslu sem allir meðlimir spretthópsins höfðu haft til yfirlestrar. Drögin voru rædd og farið lengra en áður í umræðu um mögulegar útfærslur á einstaka aðgerðum. Rætt var um hvaða niðurstöðum spretthópurinn myndi skila af sér og hver tímalínan væri varðandi næstu skref.

Þá voru sex fundir til kynningar og umræðu með foreldrum og starfsfólki leikskóla. Fundað var með:

1. Starfsfólki Tröllaborgar kl. 16.30 - 17.30 þann 22. maí
2. Starfsfólki Birkilundar kl. 16.30 - 17.30 þann 23. maí
3. Starfsfólki Ársala kl. 16.30 - 17.30 þann 27. maí
4. Foreldrum barna í Birkilundi kl. 16.30 - 17.00 þann 5. júní
5. Foreldrum barna á Tröllaborg kl. 17.00 - 17.30 þann 5. júní
6. Foreldrum barna í Ársölum kl. 17.30 - 18.00 þann 5. júní

Á fundunum var niðurstaða könnunar fyrir hvern hóp kynnt og þeim gefið tækifæri á að eiga samtalið við fulltrúa spretthópsins og koma með spurningar. Fundirnir voru teknir upp og sendir þeim sem ekki sáu sér fært að mæta og fólki gafst kostur á að koma spurningum eða athugasemdum til spretthópsins þrátt fyrir að komast ekki á fundinn. Niðurstöður kannana má finna í viðauka I auk þess sem spurningarnar þeirra má finna í viðauka II við skýrsluna.

Til viðbótar við þessa fundi var fundað í minni hópum um einstök mál eða útfærsluatriði þar sem þörf var talin á því.

3 Mögulegar aðgerðir til breytinga

Skráningardagar

Skráningardagar eru dagar þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn mæti í leikskólann nema foreldrar skrái þau sérstaklega. Markmiðið með skráningardögum er að gefa foreldrum tækifæri til að spara leikskólagjöld ef þeir geta haft börnin heima og til að starfsmenn geti í meira mæli nýtt styttingu vinnuvikunnar þessa daga. Í aðgerðapakka 2 í leikskólamálum frá nóvember 2022 var sett á tímabundin niðurfelling dvalargjalda til foreldra sem geta haft börnin sín heima þegar óskað verður eftir skráningu barna í kringum jól, áramót eða páska og hefur þetta fengið nafnið skráningardagar í sumum sveitarfélögum. Þessu til viðbótar hefur foreldrum gefist kostur á að fá gjöld niðurfelld sé tekið lengra sumarleyfi en 4 vikur.

Tillaga er um að starf leikskólans verði takmarkað með skráningardögum á milli jóla og nýárs, í dymbilviku, haust- og vetrarfríi og á klemmudögum (stökum virkum dögum sem lenda á milli rauðra daga og helgarfrís, t.d. föstudagur eftir sumardaginn fyrsta). Skráningardagar yrðu birtir í skóladagatali hvers árs fyrir fram. Með því að taka upp skráningardaga er þess vænst að starfsfólk geti tekið út hluta vinnutímastyttingar eða orlofsdaga þá daga sem færri börn eru í leikskólanum. Fyrirkomulagið ætti því að draga úr álagi, veikindafjarvistum og líkum á að deildir séu lokaðar vegna manneklu m.a. vegna vinnutímastyttingar. Tekið er fram að það sé í höndum hvers leikskóla að útfæra vinnutímastyttingu nánar í samráði við starfsfólk. Margir foreldrar leikskólabarna eiga einnig börn á grunnskólaaldri og hefur verið bent á að skráningardagar henti þeim hópi vel, auk þess sem sumir foreldrar eru í fríi þegar dagana ber upp. Tvær mögulegar leiðir voru skoðaðar til að útfæra skráningardaga.

1. Foreldrar borga fullt dvalargjald samkvæmt gjaldskrá en fá niðurfellingu á gjöldum ef skráningardagur er ekki nýttur.
2. Foreldrar borga sérstaklega fyrir þá skráningardaga sem nýttir eru og er eitt gjald óháð dvalartíma.

Fyrri fyrirkomulagið hefur verið nýtt í Skagafirði í kringum jól og í dymbilviku. Spretthópurinn er sammála um að seinna fyrirkomulagið henti betur, sérstaklega varðandi innheimtu en einnig hvað varðar gegnsæi fyrir foreldra. Það er betra fyrir foreldra að vita hversu mikið þeir þurfa að borga fyrir hvern skráningardag frekar en að gjöldin séu lækkuð um óljósa fjárhæð. Þá hentar betur að rukka sérstaklega fyrir skráningardaga ef þeir eiga að kosta jafn mikið óháð dvalartíma barna. Við seinna fyrirkomulagið eru þó tvær fyrirsjáanlegar áskoranir. Sú fyrri snýr að því ef til þess kæmi að ekki yrðu jafnmargir skráningardagar í öllum skólahverfum. Þá þyrfti að hafa sérgjaldskrá fyrir hvert skólahverfi til þess að mæta því. Í þeim umræðum kom þó fram að kostnaður foreldra, yrðu allir skráningardagar nýttir, yrði áfram eins óháð skólahverfi líkt og verið hefur hingað til. Hin áskorunin snýr að því hvort eigi að hafa eitt gjald fyrir skráningardaga, óháð afsláttarkjörum og dvalartíma, eða hvort skráningardagar eigi að taka mið af afsláttarkjörum foreldra og dvalartíma barna. Spretthópurinn er sammála um það að skráningardagar skyldu

fylgja afsláttarkjörum foreldra (systkinaafsláttur og tekjutenging), þrátt fyrir að það gæti verið flóknara að innheimta þannig en rétt væri að hafa gjald fyrir skráningardaga óháð dvalartíma og það yrði að vera nægilega hátt til þess að foreldrar myndu finna fyrir sparnaði við það að halda barni heima. Augljóst er að slík niðurstaða þyrfti að haldast í hendur við gjaldskrárbreytingar og skoða þarf breytingu á kostnaði foreldra með báðar aðgerðir í huga ef af þeim verður. Hvernig sem skráningardagar yrðu innleiddir er ekkert fyrirkomulag þeirra gallalaust og mikilvægt að huga vel að kynningu fyrir foreldra og að þeir geti reiknað með einföldum hætti hver þeirra kostnaður yrði.

Þá var sérstaklega rætt um mögulega útfærslu á fundi með leikskólastjórum. Þar kom fram að líklega væri best að fjöldi skráningardaga yrði sá sami á milli ára. Er það bæði mikilvægt til þess að flækja ekki um of gjaldskrár fyrir foreldra og til þess að breytingar á vinnutímastyttingu þurfi ekki að vera árlega. Akureyri valdi 20 skráningardaga þar sem hluti þeirra verður ávallt tengdur grunnskólafríum en leikskólastjórnendur geta valið hvenær aðrir skráningardagar eru. Rætt var um að skynsamlegt væri að fræðslunefnd þyrfti að samþykkja fyrirkomulag skráningardaga árlega og það ætti ekki að hafa áhrif á tilmæli um að samræma skipulagsdaga við skólalagatal grunnskóla eins og kostur er. Þá var einnig rætt um að skráningardagar gætu orðið mismargir í hverjum mánuði og þegar að mest lætur gætu orðið 7 skráningardagar í desember ef aðfangadagur lendir á föstudegi eða laugardegi, með tilheyrandi áhrifum á leikskólagjöld ef farin verður sú leið að rukka sérstaklega fyrir skráningardaga.

Í Garðabæ er lágmarksskráning átta börn til þess að leikskólanum sé haldið opnum, enda þarf ávallt tvo starfsmenn og ekki eru rekstrarlegar forsendur fyrir því að hafa leikskóla opinn með færri börnum. Það hefði í för með sér miklar áskoranir í fámennari leikskólunum og mikilvægt að kanna hvort ætti að miða við færri börn þar. Á fundum með starfsfólki kom fram að mikilvægt er að lágmarks fyrirvari sé á því hvenær skráningar liggja fyrir svo hægt sé að skipuleggja starfið.

Þá var einnig rætt innan spretthópsins um hvað skyldi gera þegar barn er skráð í leikskóla á skráningardögum og dagurinn er ekki nýttur, þar sem búið er að ráðstafa starfsfólki þá daga. Rætt var um hvort skynsamlegt gæti verið að taka upp sektir fyrir að nýta ekki plássíð þessa daga, sé um að ræða aðrar ástæður en veikindi.

Kostnaðarmat

Erfitt er að meta hver kostnaður eða hagræðing yrði af skráningardögum en ljóst er að hagræðið yrði eitthvað ef ákveðnar forsendur eru lagðar til grundvallar. Það kann þó að vera að það skili ekki fjárhagslegu hagræði, heldur minnki núverandi þörf fyrir frekari útgjöld sem takmarkast af skorti á starfsfólki. Nokkrar ástæður eru fyrir því að erfitt er að meta áhrifin nákvæmlega:

1. Óljóst er hversu mikil nýtingin yrði á skráningardögum
2. Óljóst er hvert tekjutap sveitarfélagsins verður með niðurfellingu gjalda
3. Óljóst er hvernig vinnutímastytting myndi breytast
4. Óljóst er hvort sá tími sem skapast í leikskólum fari í nýtingu vinnutímastyttingar, orlofs eða önnur verkefni sem ekki næst að sinna að fullu í dag (t.d. undirbúningur) eða sé sinnt í yfirvinnu

Hægt er að meta hvert tekjutap sveitarfélagsins yrði af skráningardögum með því að gefa sér forsendur. Miðað er við að meðaldvalargjald sem sveitarfélagið þyrfti að gefa frá sér yrði 1.250 kr. fyrir hvern dag og þá má sjá á næmnigreiningu frá 25-85% nýtingu og 10-20 daga að tekjutapið á ári hverju gæti orðið á bilinu 822.000 - 5.589.000 kr. Líklegast er m.v. könnun sem send var foreldrum að nýtingin verði yfir 50% og að skráningardagar verði á bilinu 15-18.

Tafla 1: Áætlað tekjutap sveitarfélagsins á ársgrundvelli vegna skráningardaga

Fjöldi	Meðalnýting				
	25%	40%	55%	70%	85%
10	-822	-1,315	-1,808	-2,301	-2,794
11	-904	-1,447	-1,989	-2,531	-3,074
12	-986	-1,578	-2,170	-2,762	-3,353
13	-1,068	-1,710	-2,351	-2,992	-3,633
14	-1,151	-1,841	-2,531	-3,222	-3,912
15	-1,233	-1,973	-2,712	-3,452	-4,192
16	-1,315	-2,104	-2,893	-3,682	-4,471
17	-1,397	-2,236	-3,074	-3,912	-4,750
18	-1,479	-2,367	-3,255	-4,142	-5,030
19	-1,562	-2,499	-3,435	-4,372	-5,309
20	-1,644	-2,630	-3,616	-4,603	-5,589

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Ef gengið er út frá þeirri forsendu að allir nýti vinnutímastyttinguna til fulls í dag og á því verði engin breyting verður beint hagræði af breytingu vinnutímastyttingar ekkert. Það sem gæti þó gerst er að óbeint hagræði verði til staðar vegna minni veikinda, meiri starfsánægju, meiri stöðugleika í mönnun og færri lokana deilda vegna manneklu. Betri mönnun verður til þess að allt starf og umönnun barnanna verður betra og þarf að horfa á hvaða áhrif aðgerðir gætu haft til lengri tíma. Verði þetta óbeina hagræði að veruleika mun það bæta starfsánægju og vellíðan bæði barna og starfsfólks auk þess að bæta þjónustu við foreldra.

Hægt er að meta áætlað árlegt hagræði ef gengið væri út frá því að ráðið hefði verið sérstaklega inn starfsfólk á meðan aðrir eru í vinnutímastyttingu og að fyrir hver fimm börn sem ekki mæta á skráningardögum nýti einn starfsmaður vinnutímastyttingu eða orlof. Þessar forsendur endurspeгла ekki raunveruleikann heldur er hér eingöngu verið að sýna möguleg áhrif m.v. gefnar forsendur en ekki eitthvað sem verið er að leggja til að ráðast í.

Tafla 2: Áætlað hagræði sveitarfélagsins á ársgrundvelli vegna skráningardaga

Fjöldi	Meðalnýting				
	25%	40%	55%	70%	85%
10	4,776	7,642	10,508	13,373	16,239
11	5,254	8,406	11,558	14,711	17,863
12	5,731	9,170	12,609	16,048	19,487
13	6,209	9,935	13,660	17,385	21,111
14	6,687	10,699	14,711	18,723	22,735
15	7,164	11,463	15,761	20,060	24,359
16	7,642	12,227	16,812	21,397	25,983
17	8,120	12,991	17,863	22,735	27,607
18	8,597	13,755	18,914	24,072	29,230
19	9,075	14,520	19,965	25,409	30,854
20	9,552	15,284	21,015	26,747	32,478

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Vert er að benda á að þær tölur sem birtar eru í mati á tekjutapi vegna skráningardaga að gefnum forsendum miða við að niðurfelling gjalda eigi sér ekki stað nú þegar, en þessi aðgerð hefur verið í boði að hluta til eins og áður hefur verið nefnt. Því yrði þetta ekki rauntekjutap m.v. það skólaár sem senn líður á enda og sama má segja um hagræði af því að vinnutímastytting sé nýtt á skráningardögum. Er þetta eingöngu gert til að sýna fram á að aðgerðin sé ekki bara kostnaðarvaldandi heldur muni hún einnig minnka áskorun sem tengist mönnun, a.m.k. í sumum leikskólum þar sem vinnutímastytting hefur aukið álag og skert þjónustu þegar verst lætur. Þegar ráðist var í vinnutímastyttingu á sínum tíma voru m.a. þær forsendur fyrir innleiðingu að þjónusta myndi ekki skerðast og ekki hlytist kostnaður af aðgerðinni, en ljóst er að hvort tveggja hefur verið raunin í einhverjum tilfellum.

Gjaldskrá

Margar tillögur bárust um gjaldskrárbreytingar til að búa til hvata fyrir foreldra til að stytta dvalartíma barna sinna með þeim hætti að hafa lágt gjald fyrir ákveðið tímabil dagsins. Aðgerðin er stór hluti af þeim breytingum sem hafa átt sér stað í öðrum sveitarfélögum. Dæmi um þær eru:

1. Kópavogur fór í sex gjaldfrjálsa tíma á dag en breytti síðar í 30 tíma á viku. Skólastarf er einkum skipulagt frá 9-15.
2. Akureyri fór í sex gjaldfrjálsa tíma á dag frá 8-14.
3. Garðabær lækkaði gjaldskrá fyrir þá sem eru skemur en 37,5 tíma á viku en hækkaði lítillega fyrir þá sem eru 40 tíma. Hámarksdvalartími innleiddur, að meðaltali 40 tímar á viku - sveigjanlegt innan mánaðarins.

Í sveitarfélögnum hækkuðu gjöld fyrir þá sem eru 40 tíma eða lengur á viku, þó mismikið.

Í spretthópnum var samhljómur um að kostir gjaldskrárbreytinga væru jákvæðir hvatar til að stytta dvalartíma barna með þeim afleiðingum að gjöld þeirra foreldra sem hafa á því kost myndu lækka og álag minnka á starfsfólk og börn, bæði þau börn sem eru skemur í leikskólanum en einnig þau börn og starfsfólk sem verða í rólegra umhverfi hluta dags.

Starfsfólk og stjórnendur leikskóla telja flestir að það nýtist starfinu best að hafa flest börn á staðnum frá kl. 08:00-14:00. Þannig er best hægt að nýta tímann frá kl. 14:00-16:00 í undirbúning, vinnutímastyttingu eða fundi - að því gefnu að börn verði færri á þeim tíma. Það gæti einnig nýst starfinu vel að hafa flest börn á milli kl. 9:00 og 15:00 því þá er morguninn rólegur og í lok dags rólegir tímar. Umræður sköpuðust í spretthópnum um að það gæti verið einfaldara fyrir marga foreldra að hefja vinnudaginn eftir kl. 08:00 á morgnana og því gæti verið betra að skapa hvata til þess að börnin yrðu a.m.k. á milli kl. 09:00 og 14:00 í leikskólanum til að taka tillit til beggja sjónarmiða.

Miða þarf faglegt starf á deildunum við þá tíma sem flest börnin eru og getur það orðið misjafnt eftir skólahverfum. Að mati starfsmanna hentar fyrri hluti dags betur í faglegt starf heldur en seinni hluti vegna þess að börnin eru móttækilegri á þeim tíma og eru ekki farin að þreytast eftir daginn. Einnig var rætt um að sveigjanlegt fyrirkomulag þar sem boðið er upp á 30 stundir á viku, gjaldfrjálsar eða gjaldlitlar myndu nýtast vaktavinnufólki vel sem þarf að vinna 8 klst vaktir en ókosturinn væri sá að breytilegt væri hvenær dags flest börn væru í leikskólanum og skipulagið flóknara heldur en ef sami tími dags er gjaldfrjáls eða gjaldlítill alla daga vikunnar. Mögulega væri einnig hægt að koma sérstaklega til móts við foreldra sem vinna vaktavinnu, t.d. með því að fá upplýsingar frá foreldrum þegar vaktaplan þeirra liggur fyrir hverju sinni. Rætt var um að það væri ekki endilega best fyrir börn vaktavinnufólks að missa úr leikskólastarfi dag eða daga hér og þar. Þá væri einnig möguleiki að fara millivegin og bjóða breytta gjaldskrá með tilliti til hvenær fólki hentar best, þó að nýtingin þurfi að fara fram innan ákveðins tíma dagsins og þá gert ráð fyrir því að börn myndu byrja sína vistun í síðasta lagi kl. 9 til þess að taka þátt í faglegu starfi.

Í dag eru 60% barna 8,5 tíma á dag í leikskólum Skagafjarðar og 81% eru 8 tíma eða lengur. Munurinn í dag fyrir foreldra á því að kaupa 8 eða 8,5 tíma er 1.854 kr. á mánuði fyrir eitt barn en 2.781 kr. fyrir tvö börn eða fleiri. Ef gert er ráð fyrir því að gjaldskrá taki verulegum breytingum til lækkunar fyrir 8 tíma vistun eða minna, en smávægilegum breytingum til hækkunar fyrir 8,5 tíma, mætti búa til verulegan hvata, t.d. 12 - 18 þús. kr. á mánuði, til þess að minnka vistunartíma a.m.k. úr 8,5 tímum niður í 8,25 eða 8 tíma fyrir þá foreldra sem hafa kost á því. Betra væri að hafa stærstan hluta þeirrar fjárhæðar til lækkunar en skynsamlegt að hækka lítillaga gjöld fyrir 8,5 tíma vistun til þess að hvetja enn frekar til styttingar dvalartíma og mætti sjá fyrir sér að þó að dvalartími þeirra barna myndi minnka um 15 mínútur gæti það leitt til lækkunar gjalda fyrir foreldra. Það væri mikill kostur fyrir starfsemi leikskólans ef vistunartími yrði að hámarki 8 tímar á dag en það yrði líklega meiri ókostur fyrir foreldra ef slíkt hámark yrði fest, líkt og gert var í Garðabæ þó með 8 tíma meðaldvöl innan mánaðar.

Í tengslum við gjaldskrá varð umræða um sektargjald fyrir það að sækja barn of seint eða koma með barn fyrir vistunartíma (barn er í vistun umfram skráðan vistunartíma) oftast en tvisvar í mánuði, en fyrir það er sektað 1.290 kr. samkvæmt núverandi gjaldskrá. Starfsfólk og stjórnendur bentu á að alltof sjaldan væri sektað og dæmi væru um að foreldrar sýndu starfsfólki óvirðingu þegar það benti á að verið væri að sækja of seint eða koma með barn of snemma. Þá væru mörg dæmi um það að starfsfólki þætti erfitt að láta vita af því vegna viðbragða sumra foreldra. Stjórnendur sögðu alltof sjaldan sektað og umræða var um að það gæti verið skynsamlegt að hækka sektirnar, lengja tímabilið og búa til skýra verkferla innan leikskóla sem yrðu kynntir foreldrum við breytingarnar. Dæmi er um að í leikskóla séu foreldrar látnir kvitta fyrir því að mæta of seint að sækja barn. Spretthópurinn telur mikilvægt að vinnutími starfsfólks sé virtur og tekur undir þau sjónarmið að núverandi fyrirkomulag sé endurskoðað.

Kostnaðarmat

Erfitt er að kostnaðarmeta útfærða tillögu að gjaldskrárbreytingum og óvíst er hversu mikil viðbrögð foreldra yrðu í að stytta tíma barnanna sinna. Þó má stilla upp nokkrum forsendum til þess að meta hvort áhrifin gætu orðið til hagræðingar eður ei. Gert er ráð fyrir að búinn yrði til hvati fyrir foreldra til þess að minnka vistunartíma úr 8,5 tímum niður í 8 tíma sem myndi nema 15.000 kr. á mánuði fyrir eitt barn og 22.500 kr. á mánuði fyrir tvö börn eða fleiri. Á sama tíma yrði mikil gjaldalækkun fyrir allt niður í 6 tíma dvalartíma. Vert er að taka fram að eingöngu er um að ræða dvalargjald en foreldrar myndu áfram borga fæðisgjöld.

Hægt er að áætla tekjutap sveitarfélagsins m.v. hlutfallslega nýtingu á lækkun gjaldskrár og meðalgjaldalækkun foreldra sem kjósa að breyta vistunartíma til að áætla hvert tekjutap sveitarfélagsins yrði, að teknu tilliti til hækkunar þeirra foreldra sem þyrftu að borga hærri gjöld. Varlega má áætla að slíkt tekjutap verði á bilinu 5-15 þús. kr. á mánuði og m.v. könnun sem send var foreldrum má áætla að vistunartími 20-50% barna verði lækkaður ef af breytingum verður. Gert er ráð fyrir 260 börnum í næmnigreiningunni.

Tafla 3: Áætlað tekjutap sveitarfélagsins á ársgrundvelli vegna lækkunar gjaldskrár

Meðaltekjutap	Hlutfall barna sem lækka vistunartíma						
	20%	25%	30%	35%	40%	45%	50%
5.000 kr.	-2,860	-3,575	-4,290	-5,005	-5,720	-6,435	-7,150
6.000 kr.	-3,432	-4,290	-5,148	-6,006	-6,864	-7,722	-8,580
7.000 kr.	-4,004	-5,005	-6,006	-7,007	-8,008	-9,009	-10,010
8.000 kr.	-4,576	-5,720	-6,864	-8,008	-9,152	-10,296	-11,440
9.000 kr.	-5,148	-6,435	-7,722	-9,009	-10,296	-11,583	-12,870
10.000 kr.	-5,720	-7,150	-8,580	-10,010	-11,440	-12,870	-14,300
11.000 kr.	-6,292	-7,865	-9,438	-11,011	-12,584	-14,157	-15,730
12.000 kr.	-6,864	-8,580	-10,296	-12,012	-13,728	-15,444	-17,160
13.000 kr.	-7,436	-9,295	-11,154	-13,013	-14,872	-16,731	-18,590
14.000 kr.	-8,008	-10,010	-12,012	-14,014	-16,016	-18,018	-20,020
15.000 kr.	-8,580	-10,725	-12,870	-15,015	-17,160	-19,305	-21,450

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Af greiningunni að dæma mætti áætla að tekjutap sveitarfélagsins yrði frá tæpum 3 m.kr. upp í tæpar 21,5 m.kr. árlega, m.v. 11 mánuði ársins. Það er þó ekki þar með sagt að eingöngu yrði tekjutap því að öllum líkindum myndi þörf fyrir mönnun minnka samhliða og þá sérstaklega á dýrustu tímum dagsins, fyrir kl. 8 og eftir kl. 16. Út frá meðallaunakostnaði í leikskólum Skagafjarðar má áætla hversu margir vinnudagar starfsfólks þyrftu að sparast mánaðarlega til þess að vega upp á móti tekjutapinu, með þeim fyrirvara að hingað til hefur frekar skort starfsfólk til vinnu en ekki fjármagn og gætu áhrifin einnig orðið þau að leikskólarnir verði nær bestu mönnun heldur en að starfsfólki myndi fækka á móti minni vistunartíma. Hefur t.a.m. þurft að loka deildum, kaupa undirbúningstíma af leikskólakennurum eða fresta honum hjá öðrum vegna skorts á starfsfólki.

Hvað þyrfti vinnudögum á mánuði að fækka mikið til þess að mæta tekjutapi sveitarfélagsins?

Í Skagafirði bera foreldrar frá 8-12% af kostnaði við leikskólaláss í sveitarfélaginu með þeim leikskólagjöldum sem þeir greiða. Ljóst er að breytingar á gjaldskrá í þessa veru myndu lækka það hlutfall hjá þeim sem nú þegar eru með 8 tíma eða minna en hækka það í öðrum tilfellum, þó óverulega. Hins vegar er jafnframt ljóst að með minnkun vistunartíma minnkar þörf fyrir starfsfólk að því gefnu að mönnun sé nægilega mikil til að halda öllum deildum opnum og hleypa starfsfólki í undirbúning o.fl. Miðar næmnigreiningin við það, þó það sé ekki í öllum tilfellum staðan í Skagafirði og því er ekki hér með sagt að til að mæta gjaldskrárbreytingum þyrfti að fækka fólk. Það er líkleggra að minni vistun þýði að leikskólar í Skagafirði komist nær þeirri mönnun sem æskilegt er að sé til staðar.

Tafla 4: Mánaðarleg fækkun vinnudaga til að mæta tekjutapi vegna gjaldskrárbreytinga

Meðaltekjutap	Meðalnýting						
	20%	25%	30%	35%	40%	45%	50%
5,000 kr.	-7.1	-8.8	-10.6	-12.3	-14.1	-15.9	-17.6
6,000 kr.	-8.5	-10.6	-12.7	-14.8	-16.9	-19.0	-21.2
7,000 kr.	-9.9	-12.3	-14.8	-17.3	-19.7	-22.2	-24.7
8,000 kr.	-11.3	-14.1	-16.9	-19.7	-22.6	-25.4	-28.2
9,000 kr.	-12.7	-15.9	-19.0	-22.2	-25.4	-28.6	-31.7
10,000 kr.	-14.1	-17.6	-21.2	-24.7	-28.2	-31.7	-35.3
11,000 kr.	-15.5	-19.4	-23.3	-27.1	-31.0	-34.9	-38.8
12,000 kr.	-16.9	-21.2	-25.4	-29.6	-33.8	-38.1	-42.3
13,000 kr.	-18.3	-22.9	-27.5	-32.1	-36.7	-41.2	-45.8
14,000 kr.	-19.7	-24.7	-29.6	-34.5	-39.5	-44.4	-49.4
15,000 kr.	-21.2	-26.4	-31.7	-37.0	-42.3	-47.6	-52.9

Það gætu þó orðið áhrif gjaldskrárbreytinga og minni vistunartíma barna að hægt sé að lækka launakostnað að einhverju leyti, t.d. fækka yfirvinnutímum. Bróðurparturinn fælist líklega í minna álagi sem vonandi leiðir til minni langtímaveikinda þegar horft er nokkur ár fram í tímann. Slík áhrif gætu vegið að fullu upp á móti tekjutapi sveitarfélagsins en einnig brugðið öðru hvoru megin við 0. Horfa verður líka í áætlaðan kostnað sem hlytist af því að manna nægilega vel til að deildir séu ávallt opnar og undirbúningur alltaf veittur, en takmarkandi þátturinn í því hefur hingað til ekki verið fjármunir heldur vöntun á starfsfólki.

Sumarfrí í leikskólum

Sumarfrí í leikskólum í Skagafirði hefur verið misjafnt. Í Birkilundi og í Tröllaborg er lokað í fimm vikur og taka börn og starfsfólk frí á þeim tíma. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu en einingarnar eru litlar og ekki mögulegt rekstrarlega annað en að loka til að geta veitt starfsfólki frí þar sem eingöngu einn starfsmaður sinnir ýmsum verkum, t.d. ræstingum eða matseld. Í Ársölum taka börn frí í fjórar vikur en misjafnt hefur verið undanfarin ár hvernig staðið er að lokunum. Árið 2022 var ákveðið að ráðast í tveggja ára tilraunaverkefni þar sem opið yrði allt sumarið 2023 og 2024 en börn þyrftu að velja milli fyrra og seinna tímabils í sumarfrí.

Margar ábendingar um sumarfrí bárust sem tillögur um mögulegar aðgerðir í tengslum við sumarfrí:

1. Tillaga um sumarlokanir í 4-5 vikur í leikskólum Skagafjarðar.
2. Tillaga um sumarlokun í tvær vikur í júlí (alltaf önnur og þriðja vika júlí) og foreldrum gert að velja a.m.k. 2 vikur í sumarfrí öðru hvoru megin við sumarlokun og að starfsfólki verði tryggt a.m.k. 4 vikna samfellt sumarfrí.
3. Tillaga um áframhaldandi opnun allt sumarið í Ársölum með fyrra og seinna frí.
4. Tillaga um að foreldrar geti tekið allt að 6 vikur aukalega í sumarfrí (umfram fjögurra vikna skyldufrí) án þess að greiða gjöld. Tímabilið ákveðið af leikskólastjóra m.t.t. aðlögunar.

Niðurstöður úr könnun sem var send foreldrum og starfsfólki leiddi í ljós að mikill munur var á vilja foreldra og starfsfólks í Ársölum um hvernig sumarfrí skyldi háttað. Flest starfsfólk vildi hafa lokað í 4-5 vikur en meirihluti foreldra vildi hafa opið allt sumarið. Bent var á nauðsyn þess að rýna vel tilraunaverkefni í Ársölum, fara yfir kosti og áskoranir við opnun allt sumarið og uppskiptingu sumarfría í tímabil. Mikilvægt er að raddir allra hagaðila fái að heyrast. Fyrir nokkrum árum var prófað að hafa lokað í tvær vikur yfir sumarið í Ársölum og foreldrar gátu valið tvær vikur fyrir eða eftir lokun. Þetta reyndist ekki vandamálalaust fyrirkomulag. Sama hvaða leið er farin þá er alltaf áskorun að koma starfsfólki í 30 daga orlof á meðan börnin þurfa aðeins að fara í 20 daga sumarfrí. Þetta væri einfaldara ef umsóknir um sumarstörf væru fleiri en þær hafa verið undanfarin ár.

Fyrir stjórnendur væri einfaldast að loka í fjórar vikur og þannig er hægt að tryggja öllum fjögurra vikna sumarfrí. Foreldrar sjá vandamál við það fyrirkomulag og m.a. kom fram á fundi með foreldrum að það væri slæmt þegar foreldrar ná ekki að taka sumarfrí saman með börnunum sínum. Jafnframt kom fram að erfitt væri fyrir sum börn að vera í leikskólanum að sumri þegar lítið er um vini eða vinkonur eða að börn séu ekki með starfsfólki af sinni deild hluta sumarsins. Mikil sameining hefur átt sér stað á deildum Ársala seinni hluta sumars og borið hefur á því að starfsfólk sé að starfa með börnunum sínum allan daginn sem er óheppilegt fyrirkomulag.

Þá er mikilvægt að taka tillit til fasteigna og lóða varðandi sumarfrí, en lóð á eldra stigi Ársala er í slæmu ásigkomulagi og þarfnast viðhalds. Með opnun leikskóla allt árið um kring getur einnig orðið meiri áskorun en ella að sinna nauðsynlegu viðhaldi innanhúss.

Spretthópurinn telur að gallarnir séu fleiri en kostirnir við að hrófla við fyrirkomulagi sumarfrís í Birkilundi og í Tröllaborg. Ræddi spretthópurinn um fyrirkomulag sem þekkist í öðrum sveitarfélögum þar sem einn eða fleiri leikskólar eru gerðir að safnleikskóla fyrir aðra leikskóla í sveitarfélaginu. Niðurstaða spretthópsins í þeirri umræðu var sú að slík tilraun myndi líklega ekki falla vel í kramið hjá foreldrum eða starfsfólki. Í Ársölum telur spretthópurinn að mikilvægt sé að staðan verði skoðuð betur í haust og þeir möguleikar sem hafa verið nefndir verði skoðaðir enn frekar. Ekki er augljóst að ein tillaga sé betri en önnur er snýr að vellíðan bæði barna og starfsfólks. Ekki var farið í þá vinnu að kostnaðarmeta mismunandi aðgerðir í tengslum við sumarfrí að svo stöddu.

Starfsaðstæður

Fjöldi barna á deildum

Nokkrir sem sendu inn tillögur til spretthópsins bentu á mikilvægi þess að deildir séu ekki yfirfullar og að hugað yrði að þeim reglum sem gilda um rými starfsmanna annars vegar og barna hins vegar. Lagt er til að greining verði gerð á öllum leikskólum í Skagafirði þar sem kannað verði hve mikið rými er til staðar á hverri deild og hve mörg börn og starfsmenn ættu að vera í hverju rými/deild miðað við stærð. Spretthópurinn telur mikilvægt að bæði börn og starfsfólk hafi nægt rými í sínu vinnuumhverfi og að fyrir liggji við skipulag starfsins hversu mikill fjöldi getur verið á hverri deild. Þá er mikilvægt að horfa til þess að hve miklu leyti sameiginleg rými nýtast þar sem það á við.

Hljóðvist og lýsing

Einnig var bent á mikilvægi hljóðvistar og lýsingar sem áhrifaríks þáttar í vellíðan barna og starfsfólks. Lagt var til að gerð verði úttekt á hljóðvist og lýsingu í leikskólum Skagafjarðar með það í huga að kortleggja hvar hægt sé að bæta vinnuaðstæður til að draga úr áreiti og auka vellíðan. Fræðslunefnd kom verkefninu af stað með bókun á fundi sínum 8. maí 2024.

Starfsánægjukannanir

Tillaga kom um að framkvæmdar yrðu reglulegar starfsánægjukannanir meðal starfsfólks leikskóla, eftirfylgni verði með niðurstöðunum og brugðist verði við þegar þörf er á. Sérstaklega gæti verið mikilvægt að mæla ánægju starfsmanna ef ráðist verður í frekari aðgerðir til að bæta starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks og barna. Kostir þess að mæla starfsánægju reglulega er að hægt er að bregðast við og mæla hvaða áhrif aðgerðir hafa eða einhver atvik sem upp koma og hvort takist að bæta úr þeim. Gallar slíkra kannana er að ekki er öruggt að allir taki þátt og þær kosta, en það er mat spretthópsins að líklegt sé að ábatinn sé hærri en kostnaðurinn. Hægt er að horfa til þess að nýta mælitæki til að mæla starfsánægju á öðrum vinnustöðum sveitarfélagsins.

Lóð eldra stigs Ársala

Ástand lóðar á eldra stigi Ársala hefur ekki verið gott undanfarið og hefur valdið því að útivera eldri barna hefur minnkað og þau hafa ítrekað verið á lóð yngri barna, sem skerðir pláss fyrir alla í leikskólanum. Á vorin verður lóðin mikið drullusvað og á veturna verður hún reglulega hættuleg vegna vatnssöfnunar og/eða hálfu í og við leiktæki. Undanfarið hefur aðgangur að stórgrýti verið óheftur, dren hefur verið ófullnægjandi og sleðabrekkur eru ekki að fullu öruggar börnum. Spretthópurinn telur mikilvægt að ráðist verði í endurbætur á lóðinni og að reglulega verði framkvæmd úttekt á lóðum leikskóla í Skagafirði til að meta hvort þær standist reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Aðgerðarpakkar 1 & 2 - helstu aðgerðir

Niðurfelling gjalda ef sumarfrí er lengt

Í aðgerðapakka leikskóla í Skagafirði sem rennur út í ágúst 2024 var boðið upp á niðurfellingu gjalda ef foreldrar skrá börn í lengra sumarfrí en fjórar vikur. Þetta hefur gefið góða raun og er lagt til að sama fyrirkomulagi verði haldið áfram. Ekki var gerð nákvæm kostnaðargreining á aðgerðinni en í ljósi erfiðleika við mönnun á sumrin og lágrar kostnaðarhlutdeildar foreldra í heildarkostnaði leikskóla er augljóst að aukið sumarfrí barna er hagkvæm aðgerð fyrir sveitarfélagið m.t.t. kostnaðar og mönnunar.

Afsláttur fyrir starfsmenn með börn og 2 auka frídagar fyrir aðra

Í aðgerðapakka 1 var kynntur 50% afsláttur af dvalargjaldi barna starfsmanna leikskóla. Í aðgerðapakka 2 var síðan, eftir umræðu og óánægju annarra starfsmanna, kynnt sú aðgerð að starfsmenn sem ekki eiga börn fengju tvo auka frídaga yfir árið. Í könnun sem var gerð meðal starfsmanna voru skiptar skoðanir á aðgerðunum. Ánægja er með afsláttinn meðal starfsmanna með börn en óánægja er meðal flestra starfsmanna án barna. Ýmist er talið að sumir starfsmenn með börn séu meira fjarverandi en aðrir vegna veikinda barnanna og það er tilfinning einhverra að starfsmenn hafi ráðið sig fyrir afsláttinn en ekki vegna áhuga á því að starfa með börnum. Þá þykja barnlausum starfsmönnum tveir frídagar ekki mikið samanborið við 50% afslátt. Einnig hafa heyrst raddir utan leikskólanna frá öðru starfsfólki sveitarfélagsins að því þyki ekki sanngjarn að starfsfólk leikskóla fái tvo auka frídaga á ári umfram þeirra kjör.

Spretthópurinn telur aðgerðina ekki fyllilega hafa skilað markmiði sínu um aukna starfsánægju og betri mönnun leikskóla og gallarnir séu fleiri en kostirnir. Hún er tímabundin og spretthópurinn telur rétt, m.t.t. kostnaðarmats og árangurs, að aðgerðin verði látin renna sitt skeið í sumarlok.

Kostnaðarmat

Í mars 2024 voru 22 starfsmenn með samtals 30 börn í leikskólum í Skagafirði, sem eru 11,4% barna sem skráð eru í leikskólana. Afsláttur m.v. fullt gjald er á ári rúmlega 173 þús. kr. og miðað við 50% systkinaafslátt fyrir næsta barn tæplega 87 þús. kr. Til samanburðar er launakostnaður fyrir hvern frídag áætlaður tæplega 37 þús. kr.

Árlegur kostnaður við afslætti er um 4,5 m.kr. á ári og við tvo auka frídaga rúmlega 5,7 m.kr. á ári og er því kostnaður við aðgerðina rúmar 10 m.kr. árlega m.v. þessar forsendur.

Undirbúningstímar leikskólaliða og ófaglægðar starfsmanna sem starfað hafa í 3 ár eða lengur.

Í leikskólum þurfa allir starfsmenn á deildunum að sinna börnunum jafnt, hvort sem er umönnun eða faglegt starf og er því afar erfitt að ætlast til þess að kennararnir geti undirbúið starfið fyrir alla starfsmenn á deildinni. Sums staðar er deildarstjórinn eini kennarinn á deildinni. Það hefur því verið gott að starfsmenn sem hafa ekki kjarasamningsbundinn undirbúning fái tækifæri til

Þess að undirbúa starf deildarinnar og er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að þeir sinni sama starfi og kennarar án þess að hafa tækifæri til þess að undirbúa það. Þá er mikilvægt að mismuna ekki börnum eftir því hvort kennari eða aðrir starfsmenn séu með börnin í faglegu starfi. Spretthópurinn telur aðgerðina hafa heppnast vel og mikilvægt að leikskólaliðar og ófaglærðir starfsmenn sem starfað hafa í þrjú ár eða lengur fái áfram undirbúning og mætti skoða það að stytta þann tíma ef mönnun er nægileg. Þá væri gott að skoða möguleikann á því að starfsfólk sem sinnir stuðningi fái tækifæri til þess að taka undirbúningstíma til að koma einnig til móts við þarfir barna sem þurfa á stuðningi að halda en þeim hefur fjölgað undanfarin ár.

Ráðning á fólki í sveigjanlegar afleysingar

Í aðgerðarpakka 1 var veitt tímabundin heimild til þess að ráða fólk í sveigjanlegar afleysingar, svokallaðar tímavinnustöður, t.d. til að leysa af fjarveru starfsmanna sem er í námi. Þar sem slíkt starfsfólk hefur fengist hefur gengið vel að manna fjarveru en það hefur ekki verið möguleiki á að ráða nægilega mikið af slíku starfsfólki á öllum starfsstöðvum. Spretthópurinn telur þessa aðgerð góða og til þess að minnka manneklu þar sem kostur er á og telur mikilvægt að hún verði gerð varanleg.

4 Niðurstöður og samantekt


Spretthópurinn hefur haldið sex fundi innbyrðis og sex fundi með hagaðilum. Þá hefur verið fundað í minni hópum um einstaka atriði eða aðgerðir. Samvinna hópsins hefur verið góð og málefnalegar umræður myndast þar sem ólík sjónarmið og hagsmunir litu dagsins ljós. Það er niðurstaða spretthópsins að hægt sé að bæta starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks og barna í leikskólum í Skagafirði. Spretthópurinn fékk hugmyndir og kynningar frá öðrum sveitarfélögum á mögulegum aðgerðum auk þess sem meðlimum hópsins bauðst að leggja fram hugmyndir. Þá var könnun send á alla foreldra leikskólabarna og starfsfólk leikskóla þar sem foreldrum og starfsfólki var m.a. boðið að koma með hugmyndir, sem og á eða eftir kynningar- og umræðufundi sem haldnir voru til að kynna niðurstöður kannana. Þá lagði spretthópurinn mat á helstu aðgerðir sem nefndar voru af starfsfólki úr aðgerðapakka 1 og 2 frá árinu 2022.

Spretthópurinn telur stærstu aðgerðirnar til bóta vera að innleiða skráningardaga og gjaldskrárbreytingar sem skapa jákvæða fjárhagslega hvata fyrir foreldra að minnka vistunartíma barna sinna, hafi þeir tók á því. Þá telur spretthópurinn mikilvægt að ráðist verði í greiningu á hversu mörg börn eiga heima á hverri deild miðað við rými deilda, að starfsánægjukannanir verði reglulegar og markvissar og að leikskólalóðir verði reglulega metnar m.t.t. þess hvort þær standist reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Þá telur spretthópurinn að halda ætti áfram þeim möguleika að foreldrar geti fengið niðurfelld gjöld ef sumarfrí er langt og að undirbúningstímar leikskólaliða og ófaglærðra starfsmanna sem starfað hafa í þrjú ár eða lengur verði festir í sessi. Þá telur spretthópurinn rétt að starfsfólk sem sinnir stuðningi fái einnig undirbúningstíma og að stjórnendum sé heimilt að víkja frá þriggja ára starfsreynslu séu fagleg rök fyrir því og mönnun næg til þess að hægt sé að senda starfsfólk í undirbúning. Að lokum telur spretthópurinn að aðgerðir sem sneru að afslætti fyrir starfsmenn með börn og tveimur auka frídögum fyrir barnlausa starfsmenn renni sitt skeið og verði ekki framhaldið.

Spretthópurinn leggur áherslu á að ef af aðgerðum verður þá verði stefnt að því að þær verði varanlegar en jafnframt að árangur af þeim verði mældur og aðgerðirnar endurmetnar reglulega með það í huga að betrubæta þær ef tækifæri eru til.


Viðauki I - Kannanir og fundir með foreldrum og starfsfólki

Haldnir voru sex fundir til kynningar og umræðu. Á fundunum var niðurstaða könnunar fyrir hvern hóp kynnt þeim og gefið tækifæri á að eiga umræður og koma með spurningar. Fundirnir voru teknir upp og sendir þeim sem ekki sáu sér fært að mæta og fólki gafst kostur á að koma spurningum eða athugasemdum til spretthópsins þrátt fyrir að komast ekki á fundinn. Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður úr könnunum sem kynntar voru á hverjum fundi. 117 foreldrar svöruðu og eiga þeir saman 149 börn. Má því gera ráð fyrir því að svörun foreldra hafi verið rúmlega helmingur ef gert er ráð fyrir að eingöngu eitt svar hafi borist af hverju heimili. 57 starfsmenn svöruðu sem er rúmlega helmingur starfsfólks sem starfar í leikskólum Skagafjarðar.




Tröllaborg


Fundur með starfsfólki Tröllaborgar - 22. maí




Vinnutímastytting - Hvernig hugnast þér ...?




Gætir þú hugsað þér að nýta vinnutímastyttingu...?




Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?




Fundur með foreldrum barna á Tröllaborg - 5. júní




Hvaða ástæður myndu eiga við í þínu tilfalli ef þú kýst að hafa barn / börn heima á skráningardegi?




Ef dvalargjald væri ekkert að mjög lágt frá ... sambærilegt frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst, hvaða áhrif hefði það á vistunartíma?



Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?




Getur þú hugsað þér að taka lengra frí en 4 vikur að sumri gegn niðurfellingu gjalda?




Birkilundur

Fundur með starfsfólki Birkilundar - 23. maí


Skráningardagar




Vinnutímastytting - Hvernig hugnast þér ...?



Gætir þú hugsað þér að nýta vinnutímastyttingu...?




Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?




Fundur með foreldrum barna í Birkilundi - 5. júní


Skráningardagar




Hvaða ástæður myndu eiga við í þínu tilfalli ef þú kýst að hafa barn / börn heima á skráningardegi?




Ef dvalargjald væri ekkert að mjög lágt frá ... sambærilegt frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst, hvaða áhrif hefði það á vistunartíma?



Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?





Getur þú hugsað þér að taka lengra frí en 4 vikur að sumri gegn niðurfellingu gjalda?




Ársalir


Fundur með starfsfólki Ársala - 27. maí




Gætir þú hugsað þér að nýta vinnutímastyttingu...?




Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?




Fundur með foreldrum barna í Ársölum - 5. júní




Hvaða ástæður myndu eiga við í þínu tilfalli ef þú kýst að hafa barn / börn heima á skráningardegi?



Ef dvalargjald væri ekkert að mjög lágt frá ... sambærilegt frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst, hvaða áhrif hefði það á vistunartíma?



Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel?



Viðauki II - Kannanir

Könnun var send út á foreldra annars vegar og starfsfólk hins vegar. Eru þær birtar hér eins og þær birtust hvorum hóp. Inngangstexti í köflum er birtur sem texti en spurningar og svarmöguleikar sem skjáskot úr könnun.

Könnun til starfsfólks

Frá því í mars hefur starfað spretthópur í Skagafirði sem ætlað er að skoða hvað önnur sveitarfélög hafa gert í tengslum við breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla með dvalartíma, vellíðan og velferð barna og starfsfólks í huga. Stefnt er að því að spretthópurinn muni skila skýrslu um vinnu sína í júní.

Í þessari könnun er leitast eftir því að kanna hug starfsmanna á þeim aðgerðum sem spretthópurinn hefur talið álitlegar í öðrum sveitarfélögum eða meðlimir hópsins hafa lagt til að verði kannaðar. Allir starfsmenn fá sömu spurningar en ekki er víst að allar aðgerðir sem spurt er út í eða hafa verið ræddar í spretthópnum gangi upp á öllum starfsstöðvum og verður tekið tillit til þess í skýrslunni. Þá er áréttað að engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar enda er spretthópnum eingöngu ætlað að skila skýrslu um mögulegar aðgerðir.

Í könnuninni er ekki spurt út í allar aðgerðir sem ræddar hafa verið í spretthópnum heldur eingöngu þær sem talið var gagnlegt að kanna hug starfsmanna til. Í hópnum sitja m.a. leikskólastjórar og einn fulltrúi starfsmanna úr hverjum leikskóla.

Hægt verður að svara könnuninni út föstudaginn 17. maí. Unnið verður úr gögnum og þau sett fram í skýrslu spretthópsins auk þess sem niðurstöðurnar verða kynntar og ræddar á fundum með foreldrum og starfsfólki. Að skýrslugerð lokinni verður einstökum svörum eytt.

Í hvaða leikskóla starfar þú? *

- Ársölum
- Birkilundi
- Tröllaborg

Vinnufyrirkomulag *

100% starf

Hlutastarf

Afleysingar

Tímavinna

Other: _____

Skráningardagar og vinnutímastytting

Í spretthópnum hefur verið rætt um að taka upp skráningardaga fyrir ákveðin tímabil. Á þessum dögum yrði að skrá börnin sérstaklega í leikskóla. Þetta hefur verið gert í nokkrum sveitarfélögum með góðum árangri og hafa starfsmenn getað nýtt vinnutímastyttingu sína þegar færri börn eru til staðar í leikskólanum. Þeir sem myndu nýta alla skráningardaga myndu borga sama gjald og áður en að sama skapi borga þeir sem kjósa að hafa börnin heima þá daga lægri dvalargjöld. Skráningardagar yrðu sérmerktir í skóladagatali og staðfesting á því hvort pláss væri nýtt þyrfti að berast tímanlega samkvæmt auglýsingu hverju sinni. Þeir yrðu nýttir til að samræma betur skóladagatöl leik- og grunnskóla og þau tímabil sem hafa komið til umræðu sem skráningardagar eru páska- og jólaleyfi grunnskóla, haust- og vetrarfrí grunnskóla og klemmudagar (dagar milli frídaga og helga).

Ef slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp í leikskólum Skagafjarðar myndi það óneitanlega vera með þeim fyrirvara að fyrirkomulag vinnutímastyttingar yrði breytt svo að hægt væri að safna upp styttingu til að nýta þessa daga.

Vilt þú að teknir verði upp skráningardagar í leikskólum Skagafjarðar? *

Já

Ég er ekki viss

Nei

Værir þú tilbúin/n til þess að breyta fyrirkomulagi vinnutímastyttingar til þess að hægt væri að taka upp skráningardaga? *

- Já
- Ég er ekki viss
- Nei

Hvernig hugnast þér það fyrirkomulag sem er á vinnutímastyttingu í dag? *

- Vel
- Skiptir mig ekki máli
- Illa

Hvernig hugnast þér að taka vinnutímastyttingu 1 klst tvisvar í viku og safna tveimur klst til að nota á skráningardögum? *

- Vel
- Skiptir mig ekki máli
- Illa

Hvernig hugnast þér að taka vinnutímastyttingu 2 klst einu sinni í viku *
og safna tveimur klst til að nota á skráningardögum?

- Vel
- Skiptir mig ekki máli
- Illa

Gætir þú hugsað þér að nýta vinnutímastyttingu í upphafi dags og *
mæta t.d. kl 9 í stað kl 8?

- Já
- Skiptir mig ekki máli
- Nei

Gætir þú hugsað þér að nýta vinnutímastyttingu í lok dags og fara t.d. *
kl 14 eða 15 í stað kl 16?

- Já
- Skiptir mig ekki máli
- Nei

Telur þú að skráningardagar myndu bæta starfsumhverfi í leikskólum og auka vellíðan starfsfólks? *

- Já
- Ég er ekki viss
- Nei

Viltu koma einhverjum athugasemdum á framfæri varðandi skráningardaga og vinnutímastyttingu?

Your answer

Sumarfrí

Í Ársölum er núna seinna árið í tveggja ára tilraunaverkefni þar sem leikskólinn hefur verið opinn allt sumarið og foreldrar hafa getað valið um fyrra eða seinna frí. Þá hefur foreldrum gefist kostur á því að fá niðurfelld gjöld ef teknar eru fleiri vikur í sumarfrí fyrir barn. Á Tröllaborg og í Birkilundi hefur leikskólinn lokað í 5 vikur yfir sumarið. Eftirfarandi spurningar snúa að sumarfrí leikskóla.

Hvaða útfærslur á sumarfrí myndu henta þér vel? (*val um fleiri en einn * valmöguleika*)

- Lokað í 5 vikur (alltaf sömu vikur milli ára)
- Lokað í 5 vikur (ekki sömu vikur á hverju ári)
- Lokað í 4 vikur (alltaf sömu vikur milli ára)
- Lokað í 4 vikur (ekki sömu vikur á hverju ári)
- Lokað í 2 vikur í júlí og val um 2 vikur öðru hvoru megin
- Opið allt sumarið en börn og starfsfólk þurfa að taka a.m.k. 4 vikna frí

Viltu koma einhverjum athugasemdum á framfæri varðandi sumarfrí?
Hér væri gott að fá að hvers vegna útfærslurnar sem þú valdir ekki henta illa.

Your answer

Aðgerðapakki

Hvaða aðgerðir í aðgerðapakka finnst þér hafa haft áhrif og að þínu mati mikilvægt að halda áfram með? Gott væri að fá stuttan rökstuðning. *

Your answer

Hvaða aðgerðir í aðgerðapakka finnst þér **ekki** hafa haft áhrif og væri að þínu mati betra að skipta út eða hætta með? Gott væri að fá stuttan rökstuðning. *

Your answer

Að lokum

Viltu koma á framfæri einhverju til spretthópsins í tengslum við könnunina eða aðgerðir til að bæta starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks og barna?

Your answer

Könnun til foreldra

Frá því í mars hefur starfað spretthópur í Skagafirði sem ætlað er að skoða hvað önnur sveitarfélög hafa gert í tengslum við breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla með dvalartíma, vellíðan og velferð barna og starfsfólks í huga. Stefnt er að því að spretthópurinn muni skila skýrslu um vinnu sína í júní.

Spretthópurinn sendir nú könnun til foreldra þar sem er leitast eftir því að kanna hug foreldra á sumum þeirra aðgerða sem spretthópurinn hefur talið álitlegar í öðrum sveitarfélögum eða meðlimir hópsins hafa lagt til að verði kannaðar. Allir foreldrar fá sömu spurningar en ekki er víst að allar aðgerðir sem spurt er út í eða hafa verið ræddar í spretthópnum gangi upp á öllum starfsstöðvum og verður tekið tillit til þess í skýrslunni. Þá er áréttað að engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar enda er spretthópnum eingöngu ætlað að skila skýrslu um mögulegar aðgerðir.

Hægt verður að svara könnuninni út föstudaginn 17. maí. Unnið verður úr gögnum og þau sett fram í skýrslu spretthópnum auk þess sem niðurstöðurnar verða kynntar og ræddar á fundum með foreldrum og starfsfólki. Að skýrslugerð lokinni verður einstökum svörum eytt.

Í hvaða leikskóla er barnið þitt? *

- Ársölum
- Birkilundi
- Tröllaborg

Hversu mörg börn eru á leikskólanum í þinni fjölskyldu? *

- Eitt
- Tvö
- Þrjú eða fleiri

Hver er vistunartími barnsins / barnanna í dag? *

- Meira en 8 klst á dag
- 8 klst á dag
- 7-8 klst á dag
- Minna en 7 klst á dag

Átt þú barn í grunnskóla? (*hér má velja fleiri en 1 valmöguleika*) *

- Já, í 1-4. bekk
- Já, í 5-7. bekk
- Já, í 8-10 bekk
- Nei

Hvernig er vinnutími foreldris/foreldra á heimilinu (t.d. 8-16, 9-17, *
vaktavinna, sveigjanlegt, sjálfstætt starfandi, hlutastarf á
dagvinnutíma, ekki á vinnumarkaði o.s.frv.)

Your answer

Skráningardagar

Í spretthópnum hefur verið rædd sú hugmynd að taka upp skráningardaga fyrir ákveðin tímabil. Á þessum dögum yrði að skrá börnin sérstaklega í leikskóla. Þetta hefur verið gert í nokkrum sveitarfélögum með góðum árangri og að einhverju leyti verið prufað í Skagafirði, t.d. í kringum jól og páska. Með skráningardögum gætu starfsmenn nýtt vinnutímastyttingu sína þegar færri börn eru til staðar í leikskólanum. Þeir sem myndu nýta alla skráningardaga myndu borga sama gjald og áður en að sama skapi borga þeir sem kjósa að hafa börnin heima þá daga lægri dvalargjöld.

Tekið er fram að engin pressa yrði á foreldra að hafa börn heima þessa daga, þetta er fyrst og fremst hugsað fyrir þá sem hafa kost á og vilja nýta sér úrræðið.

Skráningardagar yrðu sérmerktir í skóladagatali og staðfesting á því hvort pláss væri nýtt þyrfti að berast tímanlega samkvæmt auglýsingu hverju sinni. Þau tímabil sem hafa komið til umræðu sem skráningardagar eru páska- og jólaleyfi grunnskóla, haust- og vetrarfrí grunnskóla og klemmudagar (dagar milli frídaga og helga).

Viltu að teknir verði upp skráningardagar í leikskólum Skagafjarðar? *

- Já
- Það skiptir mig ekki máli
- Nei

Telur þú að þitt heimili myndu í einhverjum tilfellum velja að taka frí í leikskólanum á skráningardögum? *

- Já
- Ég er ekki viss
- Nei

Hvaða ástæður myndu eiga við í þínu tilfalli ef þú kýst að hafa barn / *
börn heima á skráningardegi? (*hér má velja fleiri en 1 valmöguleika*)

- Til lækka leikskólagjöld
- Ég á barn í grunnskóla sem yrði hvort eð er heima
- Til að fara í frí með fjölskyldunni
- Ég eða maki erum ekki í vinnu alla þessa daga
- Ég sé ekki fyrir mér að nýta úrræðið til að hafa barn/börn heima
- Other: _____

Viltu koma einhverjum athugasemdum á framfæri varðandi
skráningardaga?

Your answer

Gjaldskrárbreytingar

Sum sveitarfélög hafa breytt gjaldskrá sinni til að búa til fjárhagslegan hvata fyrir foreldra sem hafa kost á að stytta vistunartíma barna sinna í leikskólanum. Ýmsar útfærslur eru til staðar t.d. gjaldfrjáls vistun frá 8-14 eða 9-15 eða gjaldfrjáls/gjaldlítill vistun fyrstu 20-30 dvalartíma á viku. Breytingarnar eru hugsaðar til að stytta vinnudag barn, minnka álag á starfsfólk og gefa foreldrum sem þess eiga kost á að lækka leikskólagjöldin. Í þeim sveitarfélögum sem hafa ráðist í þetta gætir á meiri ánægju starfsmanna og stjórnenda auk þess sem þau börn sem breyttu ekki vistunartímanum sínum eiga betri stundir í upphafi og/eða lok dags þegar færri börn eru í leikskólanum.

Flest sveitarfélög sem hafa breytt gjaldskránni hafa flest haft gjaldskrá sambærilega fyrir þá sem nýta 8 tíma vistun á dag, þó í einhverjum tilvikun sé gjaldskráin hærri. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um gjaldskrárbreytingar í leikskólum Skagafjarðar en spurningar hér á eftir snúa fyrst og fremst að því hvort foreldrar myndu stytta vistunartíma barna sinna ef gjaldskrá tæki breytingum.

Ef dvalargjald væri ekkert eða mjög lágt frá 8-14, sambærilegt og í dag *
frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst á dag, hvaða áhrif finnst þér
líklegt að það hefði á vistunartíma barnsins þíns?

- Ég myndi minnka vistunartíma
- Ég myndi halda óbreyttum vistunartíma
- Ég myndi auka vistunartíma

Ef dvalargjald væri ekkert eða mjög lágt frá 8.30-14.30, sambærilegt *
og í dag frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst á dag, hvaða áhrif
finnst þér líklegt að það hefði á vistunartíma barnsins þíns?

- Ég myndi minnka vistunartíma
- Ég myndi halda óbreyttum vistunartíma
- Ég myndi auka vistunartíma

Ef dvalargjald væri ekkert eða mjög lágt frá 9-15, sambærilegt og í dag *
frá 8-16 en hærra fyrir meira en 8 klst á dag, hvaða áhrif finnst þér
líklegt að það hefði á vistunartíma barnsins þíns?

- Ég myndi minnka vistunartíma
- Ég myndi halda óbreyttum vistunartíma
- Ég myndi auka vistunartíma

Ef dvalargjald væri ekkert eða mjög lágt fyrir 30 klukkustundir á viku *
að eigin vali, sambærilegt og í dag fyrir 8 klst á dag en hærra fyrir
meira en 8 klst á dag, hvaða áhrif finnst þér líklegt að það hefði á
vistunartíma barnsins þíns?

- Ég myndi minnka vistunartíma
- Ég myndi halda óbreyttum vistunartíma
- Ég myndi auka vistunartíma

Viltu koma einhverjum athugasemdum á framfæri varðandi
gjaldskrárbreytingar? Hér er t.d. hægt að útskýra hvers vegna gerðar
yrðu breytingar á vistunartíma eða ekki, eða hvaða aðgerð þér myndi
best hugnast ef gjaldskrá yrði breytt.

Your answer

Sumarfrí

Í Ársölum er núna seinna árið í tveggja ára tilraunaverkefni þar sem leikskólinn hefur verið opinn allt sumarið og foreldrar hafa getað valið um fyrra eða seinna frí en áður var lokað í 4 vikur. Tímabilin í tilraunaverkefninu hafa verið fyrra frí frá fyrri hluta júní til fyrri hluta júlí og seinna frí í kjölfarið frá fyrri hluta júlí til fyrri hluta ágúst. Á Tröllaborg og í Birkilundi hefur leikskólinn lokað í 5 vikur yfir sumarið. Eftirfarandi spurningar snúa að sumarfríi leikskóla. Þá hefur foreldrum gefist kostur á því að fá niðurfelld gjöld ef teknar eru fleiri vikur í sumarfrí fyrir barn. Með þessum spurningum er spretthópurinn að leitast eftir því að sjá hvers konar útfærslur henta foreldrum í hverjum leikskóla fyrir sig og hvaða ástæður eru fyrir því að þær útfærslur sem ekki eru valdar henta ekki.

Hvaða útfærslur á sumarfríi myndu henta þér vel? (val um fleiri en einn *
valmöguleika)

- Lokað í 5 vikur (alltaf sömu vikur milli ára)
- Lokað í 5 vikur (ekki sömu vikur á hverju ári)
- Lokað í 4 vikur (alltaf sömu vikur milli ára)
- Lokað í 4 vikur (ekki sömu vikur á hverju ári)
- Lokað í 2 vikur í júlí og val um 2 vikur öðru hvoru megin
- Opið allt sumarið en börn og starfsfólk þurfa að taka a.m.k. 4 vikna frí
(val um tvö tímabil)

Getur þú hugsað þér að taka lengra frí en 4 vikur að sumri gegn
niðurfellingu gjalda? *

- Já
- Nei

Viltu koma einhverjum athugasemdum á framfæri varðandi sumarfrí?
Hér væri gott að útskýra hvers vegna útfærslurnar sem þú valdir ekki
henta illa.

Your answer

Að lokum

Viltu koma á framfæri einhverju til spretthópsins í tengslum við könnunina eða aðgerðir til að bæta starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks og barna?

Your answer
